

15.02.04

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Tillagan er að mörgu leyti vel unnin en mér finnst skorta umfjöllun um verndun breytileika innan tegundar. Megin áhersla er lögð á að vernda ákveðin svæði sem eru ýmist áhugaverð vegna náttúruminja eða vegna líffræðilegrar fjölbreytni. Hugtakið um líffræðilegan fjölbreytileika vísar til breytileika innan tegunda, breytileika milli tegunda (sem felst einkum í fjölda tegunda sem byggja ákveðið svæði) og meðal vistkerfa. Í tillögunni virðist sem lítil áhersla sé á fyrsta hluta skilgreiningarinnar, en nefnt er að vernda eigi svæði sem mikilvæg eru m.a. fyrir "viðhald náttúrulegra þróunarferla, hvort það hafi alþjóðlegt verndargildi eða sé einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta (bls 8)". Ég sá ekki hvernig slíkt væri tryggt og hér held ég að nauðsynlegt sé að afla þekkingar á breytileika innan tegunda.

Í Ríó-samþykktinni (1992, 7. grein) er mælt með því að hver þjóð varðveiti erfðabreytileika innan tegunda og afli upplýsinga þar að lútandi. Slíkt starf er hluti af náttúruvernd nágrannalanda okkar. Í Svíþjóð hefur til að mynda mikið starf verið unnið við að greina erfðabreytileika náttúrulegra stofna og sú þekking er nýtt við náttúruverndun. Náttúruverndarerfðafræði er reyndar fræðigrein sem hefur farið ört stækkandi á síðustu árum vegna áhuga á þessum málum, en hefur lítið verið stunduð hér á landi þrátt fyrir mikla umræðu um notkun erfðafræði að öðru leyti. Bent hefur verið á mikilvægi erfðabreytileika við viðgang stofna, þróun þeirra og útdauða. Þekking á erfðabreytileika hefur einnig verið notuð til að greina þróun ýmissa eiginleika og til að greina stofna lifvera, sem hafa sérstöðu bæði vegna þróunar og vegna nýtingar.

Í náttúruverndaráætluninni mætti leggja drög að því að vernda breytileika innan tegundar. Slík verndun gæti verið tvíþætt og þyrfti að tengjast frekari rannsóknum á völdum tegundum. Þannig mætti:

1. Vernda lífverur og búsvæði þeirra lífvera sérstaklega sem búa yfir sérstökum erfðaeinkennum sem greina þær frá einstaklingum sömu tegundar í nálægum löndum.
2. Vernda stofna og búsvæði þeirra lífvera sérstaklega sem búa yfir sérstökum erfðaeinkennum sem greina þær frá einstaklingum sömu tegundar innan Íslands.

Með kveðju

Snæbjörn Pálsson, PhD
Sérfræðingur
Líffræðistofnun Háskóla Íslands
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

sími: 525 5231
netfang: snaebj@hi.is
heimasíða: <http://www.hi.is/~snaebj>